


Dettifossvegur (862), nýjar tengingar að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum

Helga Aðalgeirsdóttir
Heimir F. Guðmundsson



Veghönnunardeild Akureyri
febrúar 2010

Efnisyfirlit

1. FRAMKVÆMD OG STARFSEMI SEM HENNI FYLGIR	2
1.1. INNGANGUR	2
1.2. MATSSKYLDA	3
1.3. NÚVERANDI SAMGÖNGUR	3
1.4. BREYTINGAR Á SAMGÖNGUM MEÐ NÝJUM VEGTENINGUM	3
1.5. UMFERÐ OG UMFERÐARSPÁ	3
1.6. TILGANGUR FRAMKVÆMDAR	4
1.7. ALMENNT UM AFMÖRKUN FRAMKVÆMDA	4
1.8. KOSTIR	4
1.8.1. Ný vegtenging að Hólmatingum	4
1.8.2. Ný vegtenging að Hljóðaklettum og Vesturdal	6
FRAMKVÆMDALÝSING	9
1.9.1. Vegagerð	9
1.9.2. Ræsi og brýr	9
1.9.3. Efnisþörf og efnistaka	9
1.9.4. Frágangur	9
1.9.5. Mannaflapörf og vinnubúðir	9
FRAMKVÆMDATÍMI, FJÁRVEITINGAR OG REKSTUR	10
FRAMKVÆMDASVÆÐI, SKIPULAG OG LAGALEG UMGJÖRD	11
2.1. STAÐHÆTTIR FYRIRHUGAÐS FRAMKVÆMDASVÆÐIS	11
2.2. SAMRÆMI FRAMKVÆMDAR VIÐ SKIPULAG Á SVÆÐINU	11
2.3. LÖG OG VERNDUN	13
3 UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	14
3.1. ALMENN ÁHRIF FRAMKVÆMDAÞÁTTA Á UMHVERFI	14
3.1.1. Vegagerð og ræsagerð	14
3.1.2. Efnistaka	14
3.2. ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDARINNAR	14
3.3. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM AF FYRIRHUGAÐRI FRAMKVÆMD	14
3.3.1. Samfélag og landnotkun	14
3.3.2. Samgöngur og umferðaröryggi	15
3.3.3. Hávaði og mengun	15
3.3.4. Menningarminjar	15
3.3.5. Gróðurfar	16
3.3.6. Dýralíf	16
3.3.7. Jarðfræði	16
3.3.8. Landslag, ásýnd lands	16
3.4. MÓTVÆGISAÐGERÐIR	17
3.5. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA HAFT ÁHRIF Á FYRIRHUGAÐA FRAMKVÆMD	17
3.5.1. Veðurfar og náttúruvá	17
3.5.2. Náttúruvá	17
3.6. KORT OG UPPDRÆTTIR	17
3.7. SAMRÁÐ	17
4. TEIKNINGAR	18
5. HEIMILDIR	18

1. FRAMKVÆMD OG STARFSEMI SEM HENNI FYLGIR

1.1. INNGANGUR

Dettifossvegur er í sveitarfélaginu Norðurþingi í Norður-Þingeyjarsýslu. Mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegjar fór fram árið 2006 og barst álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu þann 27.07.2006. Í þessari skýrslu eru kynntar fyrirhugaðar breytingar á vegtengingum að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum, frá því sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Kynnt er ný 2,6 km löng vegtenging að Hólmatungum og ný 1,4 km löng vegtenging að Langavatnshöfða ofan við Hljóðakletta og Vesturdal. Breytingarnar eru kynntar að frumkvæði Þjóðgarðsyfirvalda á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Þær eru gerðar til auðvelda aðgengi allra að þjóðgarðinum með því að útbúa bílastæði í grennd við góða útsýnisstaði við Hólmatungur og Hljóðakletta/Vesturdal og til að draga úr bílaumferð í Vesturdal.

Í tengslum við gerð Dettifossvegjar þarf að leggja nýjar og/eða endurbættar vegtengingar að Vesturdal/Hljóðaklettum og Hólmatungum og útbúa bílastæði við helstu ferðamannastaði. Í matsskýrslu voru tengingar og bílastæði kynnt. Þar var gert ráð fyrir að vegtenging að Hólmatungum myndi að mestu fylgja núverandi vegi og að núverandi bílastæði yrði lagfært og stækkað lítilsháttar. Sömuleiðis var kynnt að núverandi vegur niður í og gegnum Vesturdal yrði lagfærður og lagður klæðingur og bílastæði í Vesturdal yrðu stækkuð og lagfærð.

Miklar breytingar hafa orðið á yfirstjórn þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, því hann telst nú til Vatnajökulsþjóðgarðs. Unnið er að verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn og ýmsir möguleikar hafa verið skoðaðir í tengslum við þá vinnu. Ný þjóðgarðsyfirvöld hafa skoðað málið og hafa þau áhuga á að auðvelda öllum að fá útsýni og yfirsýn yfir þjóðgarðinn. Einnig telja þau að draga þurfi úr gegnumakstursumferð niður í Vesturdal, þannig að þar fái betra næði fyrir tjaldgesti, en að lagfæra þurfi þó núverandi veg og leggja hann klæðingur.

Til að ná því markmiði telja þjóðgarðsyfirvöld að við Hólmatungur eigi að færa bílastæðið nær Ytra-Þórunnarfjalli og leggja göngustíg að útsýnisstað á fjallsbrúninni þar sem er útsýni yfir Hólmatungur og Jökulsárgljúfur. Við Hljóðakletta og Vesturdal eigi að leggja nýjan veg og bílastæði á Langavatnshöfða og göngustíg fram á brún höfðans að útsýnisstað með útsýni yfir Hljóðakletta, Jökulsárgljúfur og Vesturdal. Þjóðgarðsyfirvöld hafa óskað eftir að Vegagerðin leggi fram tillögu að nýjum vegtengingum og bílastæðum við Hólmatungur og Hljóðakletta/Vesturdal.

Breytingar á veglínu eru utan rannsóknarsvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, nema að gróðurkort Náttúrufræðistofnunar Íslands nær yfir svæðið. Vegagerðin telur að um sé að ræða minniháttar breytingar á framkvæmdinni sem munu hjálpa til við að draga úr umhverfisáhrifum hennar. Breytingar á framkvæmdinni eru tilkynntar til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr.106/2000 m.s.b., gr.6, viðauka 2, lið 13.a.

Þær breytingar frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar sendi álit um þann 27. júlí 2006 á grundvelli laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum felast í eftirfarandi:

- Ný, 2,6 km löng vegtenging verður lögð að Ytra-Þórunnarfjalli, í stað þeirrar vegtengingar sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vegtengingin fylgir núverandi tengingu að Hólmatungum minna en áður var gert ráð fyrir. Bílastæði við Hólmatungur verður útfært í samræmi við nýja staðsetningu.
- Ný, 1,4 km löng vegtenging verður lögð að Langavatnshöfða, sem lögð verður til viðbótar við núverandi tengingu að Vesturdal sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Bílastæði á Langavatnshöfða verður útfært í samræmi við nýja staðsetningu.

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin en óvíst er um framkvæmdatíma. Þær veglínur sem sýndar eru á teikningum geta breyst lítilsháttar við nánari skoðun og undirbúning.

1.2. MATSSKYLDA

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, 6. gr., viðauka 2, lið 13.a. þarf að kanna mats skyldu vegna allra breytinga eða viðbóta við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

1.3. NÚVERANDI SAMGÖNGUR

Dettifossvegur á kaflanum frá Hringvegi að Dettifossi er í framkvæmd og verður að mestu tilbúinn haustið 2010. Vegagerðin vinnur nú við undirbúning útboðs vegna framkvæmda á Dettifossvegi, á kaflanum frá Dettifossi að Norðausturvegi, en óvíst er með tímasetningu útboðs og hvort verkið verður boðið út í áföngum.

Dettifossvegur flokkast sem tengivegur í vegaskrá Vegagerðarinnar. Núverandi Dettifossvegur frá Dettifossi að Norðausturvegi í Kelduhverfi er að mestu mjór, niðurgrafinn moldarvegur. Vegurinn frá Dettifossi að Vesturdalsvegi er aðeins fær fjórhjóladrifnum bílum en vegurinn frá Vesturdalsvegi að Norðausturvegi er skárrí og telst fær öllum bílum. Núverandi tengingar að Hólmatungum og Vesturdal eru fremur lélegar. Vegur að Hólmatungum er mjór og mikið niðurgrafinn. Í Vesturdal liggur núverandi vegur niður bratta brekku í dalnum norðanverðum. Frá brekkurótunum skiptist vegurinn og liggur annar leggurinn að upplýsingamiðstöð en hinn liggur í gegnum dalinn og tjaldsvæði, að bílastæði fyrir daggesti svæðisins.

Mikið ryk fylgir umferð um vegi á svæðinu og í Vesturdal hefur rykið slæm áhrif á upplifun þeirra sem nýta tjaldsvæðið.

1.4. BREYTINGAR Á SAMGÖNGUM MEÐ NÝJUM VEGTENGINGUM

Við opnun Dettifossvegar skapast nýir möguleikar í ferðapjónustu á Norðurlandi eystra og talið að gestum á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs muni fjölga.

Með gerð nýrra bílastæða og útsýnisstaða við Hólmatungur og Hljóðakletta, verður yfirsýn yfir þjóðgarðinn betri og má búast við að margir gestir muni aðeins horfa yfir svæðið og láta það nægja. Með góðu aðgengi að útsýnisstöðum á svæðinu er hægt að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem fjölgun gesta getur haft á upplifun þeirra sem ganga um þjóðgarðinn.

Þjóðgarðsýfirvöld stefna að því að leggja gönguleið niður Langavatnshöfða að Hljóðaklettum. Gönguleiðin verður brött og erfið. Einnig verður áfram mögulegt að aka að núverandi bílastæði í Vesturdal en vonast er til að með því að útbúa útsýnisstað á Langavatnshöfða muni umferð um dalinn ekki aukast þegar umferð á Dettifossvegi eykst og að draga muni úr rútuumferð.

Nú þegar er gönguleið frá Ytra-Þórunnarfjalli niður í Hólmatungur en nauðsynlegt er að lagfæra hana.

1.5. UMFERÐ OG UMFERÐARSPÁ

Samkvæmt umferðartalningu 2008 var sumardagsumferðin (SDU) um Dettifossveg á kaflanum frá Dettifossi að Vesturdalsvegi 84 bílar á sólarhring. Sumardagsumferð á kaflanum frá Vesturdalsvegi að Tóveggjarvegi var 86 bílar á sólarhring og umferð frá Tóveggjarvegi að Norðausturvegi var 105 bílar á sólarhring.

Í matskýrslu kemur fram að með bættum samgöngum er gert ráð fyrir að umferð á svæðinu aukist verulega og árið 2014, við fyrirhuguð lok framkvæmda, var spáð SDU í kringum 320 bílar á dag og árið 2032 var spáð SDU í kringum 600 bílar á dag.

Á tjaldsvæðinu í Vesturdal ríkir nú öræfakýrrð. Það er "náttúrulegt" tjaldsvæði sem er þjónustulítið, rafmagns og sturtulaust og er stefnt að því að halda því þannig. Þeir sem dveljast þar sækjast eftir kýrrð og ró og ómanngerðu umhverfi eins og framast er kostur. Ljóst er að veruleg aukning umferðar í gegnum mitt tjaldsvæðið myndi algerlega eyðileggja þá stemningu.

1.6 TILGANGUR FRAMKVÆMDAR

Tilgangur þeirra breytinga sem hér eru kynntar er að reyna að bregðast við þeim mikla fjölda ferðamanna sem munu koma í Vatnajökulspjóðgarð þegar samgöngur batna. Mikilvægt er að uppfylla þörf þeirra sem aðeins vilja horfa yfir þjóðgarðinn og að gera hreyfihömluðum mögulegt að fá útsýni yfir Jökulsárgljúfur, Hljóðakletta, Vesturdal og Hólmatungur. Með bílastæði á Langavatnshöfða er vonast til að hægt sé að draga úr aukningu bílaumferðar um Vesturdal.

Breytingarnar munu auka möguleika hjá ferðaskrifstofum á stuttu stoppi hópferða við Hólmatungur og við Hljóðakletta. Einnig skapast heilsárstenging að Hljóðaklettum, svo möguleikar ferðapjónustu á svæðinu, allan ársins hring, munu aukast.

1.7. ALMENNT UM AFMÖRKUN FRAMKVÆMDA

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu nýrra veltenginga á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 2. Framkvæmdinni má skipta í þrennt:

1. Vegagerð
2. Efnistaka
3. Ræsagerð

Í vegalögum nr. 80/2007 segir í 3. gr.: „Vegur: Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.“

Í VI kafla vegalaga nr. 80/2007 þar sem fjallað er um skipulag og veghelgunarsvæði kemur fram að veghelgunarsvæði annarra þjóðvega en stofnvega er 30 m breitt. Vegsvæði Dettifossvegar og veltenginga telst vera 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði vegna vegagerðar rúmast oftast innan vegsvæðis en þar sem eru mjög háar fyllingar eða miklar skeringar getur hluti framkvæmdasvæðisins náð út fyrir veghelgunarsvæðið. Á nokkrum stöðum kann enn fremur að vera nauðsynlegt að víkka út skeringar sem getur orðið til þess að framkvæmdasvæði lendi utan vegsvæðis. Að auki eru námusvæði oftast utan vegsvæðis. Reynt verður að halda framkvæmdasvæðinu í lágmarki. Á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir vegsvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við hlutaðeigendur.

1.8. KOSTIR

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar voru ýmsar rannsóknir gerðar á beltum sem veglínur gætu fallið innan (sbr. tillögu að matsáætlun). Nýjar veltengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal falla að hluta til utan rannsóknarsvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þó ná gróðurkort Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir svæðið sem veltengingarnar munu raska.

Hugmynd að nýjum veltengingum kom frá þjóðgarðsyfirvöldum og hefur Vegagerðin útfært þær í samráði við þjóðgarðsvörð á norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Við staðsetningu veglína var lögð mikil áhersla á að veltengingarnar og bílastæðin muni ekki sjást frá helstu ferðamannastöðum í Vesturdal, Hljóðaklettum og Hólmatungum.

Hér er kynnt ný 2,6 km löng veltenging að Hólmatungum og ný 1,4 km löng veltenging að Langavatnshöfða ofan við Hljóðakletta og Vesturdal í samræmi við óskir Vatnajökulspjóðgarðs.

1.8.1. Ný veltenging að Hólmatungum

Í matsskýrslu er fyrirhuguðum afleggjara að Hólmatungum lýst, þar segir (bls. 105): „Umhverfisstofnun telur að fylgja eigi núverandi vegi, vegurinn eigi að liggja í landi og miðað verði við 30 km/klst. hámarkshraða. Bílastæðið við Hólmatungur er mjög lítið. Þar er pláss fyrir 2 rútur og nokkra fólksbíla.“

Það þarf að stækka töluvert og skipuleggja betur. Samarið 2006 fyrirhuga þjóðgarðsyfirvöld að koma fyrir þurrsalernum við bílastæðið.

Endurbýggður vegur að Hólmatungum er 2,9 km langur og mun að mestu fylgja núverandi vegi en krappar beygjur verða mildaðar. Vegurinn verður lítið upphækkaður. Hámarkshraði getur verið 40-50 km/klst. Stækka þarf bílastæðið við Hólmatungur til að anna aukinni umferð. Vegagerðin hefur lagt fram tillögu til þjóðgarðsyfirvalda um að útbúið verði stæði fyrir 25 fólksbíla og 5 rútur“ (Vegagerðin, 2006).

Samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs verður ný vegtenging að Hólmatungum 2,6 km löng og mun fylgja núverandi vegi á 0,7 km löngum kafla. Vegurinn verður lagður klæðingu en lítið upphækkaður og með 40-50 km/klst. hámarkshraða sem verður ákvarðaður í samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Bílastæði hefur ekki verið útfært en það verður gert í samráði við Vatnajökulspjóðgarð. Frágangur núverandi vegtengingar að Hólmatungum sem verður lögð af, verður ákveðin í samráði við þjóðgarðsyfirvöld.

Lýsing á veglínu

Ný vegtenging að Hólmatungum verður við stöð 27400 á Dettifossvegi (teikning 4). Veglínan fer til að byrja með yfir drag í landinu en stefnir svo yfir hæð og fylgir þar moldarflagi. Hún liggur utan í hæðinni að austanverðu og þverar núverandi Dettifossveg við stöð 500. Þaðan hlykkjast hún til norður og fer yfir farveg í landinu og stefnir svo upp á næstu hæð og kemur inn á núverandi Dettifossveg við stöð 1000. Hún fylgir veginum, sem er niðurgrafinn á þessum kafla, að stöð 1700 og stefnir þaðan til austurs, skammt frá vegamótum við núverandi afleggjara að Hólmatungum. Við stöð 2300 fer veglínan ofan í lægð í landinu og fylgir henni að enda veglínunnar við stöð 2600. Þar er gert ráð fyrir að útbúið verði bílastæði fyrir Hólmatungur.

Bílastæðið verður í lægð í landinu og lítið áberandi frá nálægum útsýnisstöðum og mun ekkert sjást frá Hólmatungum.



Mynd 1. Ný tenging að Hólmatungum, horft til austurs í stöð 2350 (Ljósmynd: Heimir F. Guðmundsson, 2009).

Miðað er við að lagður verði um 300 m langur göngustígur, helst malbikaður, frá bílastæðinu að fyrirhuguðum útsýnisstað á Ytra-Pórunnarfjalli.



Mynd 2. Hólmatungur vestan Jökulsár og Forvöð austan ár, útsýni frá fyrirhuguðum útsýnisstað á Ytra-Pórunnarfjalli (Ljósmynd: Helga Aðalgeirsdóttir, 2009).

Nýja vegtengingin mun hafa í för með sér meira rask á landi en sú tenging sem sýnd var á þessum kafla við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því hún liggur utan núverandi vegar á lengri kafla. Hún mun hinsvegar verða betri vegtæknilega og tengjast Dettifossvegi á mun betri stað. Einnig verður hún í betra samræmi við framtíðarhugmyndir þjóðgarðsyfirvalda um nýtingu þjóðgarðsins.

1.8.2. Ný vegtenging að Hljóðaklettum og Vesturdal á Langavatnshöfða

Í matskýrslu er fyrirhuguðum afleggjurum að Vesturdal og Hljóðaklettum lýst, þar segir (bls. 105): *Umhverfisstofnun leggur til að núverandi vegi verði fylgt og vegurinn látinn liggja í landi. Hámarkshraði verði mjög lítill því vegurinn liggur í gegnum tjaldsvæðið í Vesturdal. Bílastæðið við Hljóðakletta fyllist oft, þó það sé nokkuð stórt, en þar rúmast 5 rútur og 15-20 fólksbílar. Gera megi ráð fyrir að umferð í Vesturdal og Hljóðakletta aukist enn frekar með bættum vegi þangað. Bílastæðið við Hljóðakletta þarf að skipuleggja aðeins betur en ekki má stækka það mikið án þess að það hafi frekar neikvæð áhrif á umhverfið. Það er heldur ekki æskilegt að stuðla að mikilli umferð í gegnum tjaldsvæðið og ætti að búa til bílastæði fyrir daggesti neðan við brekkuna, nær tjaldsvæði og landvarðahúsi, í grennd við salerni sem eru ofan í dalnum.*

Endurbýggður vegur að Vesturdal sem er 1,2 km langur, mun að mestu fylgja núverandi vegi en krappar beygjur verða mildaðar. Endurbýgging endar neðan við brekkuna niður af Langavatnshöfða. Vegurinn verður lítið upphækkaður. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort endurbætur verða gerðar á veginum um Vesturdal að Hljóðaklettum, en leiðin frá rótum Vesturdals að bílastæði við Hljóðakletta er 0,8 km löng. Bílastæði við Hljóðakletta þarf að lagfæra og stækka og útbúa nýtt bílastæði neðan við brekkuna ofan í Vesturdal til að anna aukinni umferð. Vegagerðin hefur lagt fram tillögu til þjóðgarðsyfirvalda um að útbúið verði stæði fyrir 17 bíla við salernin í Vesturdal og að bílastæði við Hljóðakletta verði stækkað aðeins til suðurs þannig að þar verði pláss fyrir 30 fólksbíla og 5 rútur“ (Vegagerðin, 2006).

Samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs verður ný vegtenging frá Dettifossvegi að Hljóðaklettum og Vesturdal 1,4 km löng og mun fylgja núverandi vegi fyrstu 0,4 km. Vegurinn verður lagður klæðingu en lítið upphækkaður og með 40-50 km/klst. hámarkshraða. Hámarkshraði verður ákveðinn í samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Bílastæði hefur ekki verið útfært en það verður gert í samráði við Vatnajökulspjóðgarð.

Lýsing á veglínu

Ný vegtenging að Vesturdal og Hljóðaklettum verður við stöð 38800 á Dettifossvegi (teikning 5). Veglínin fylgir núverandi Vesturdalsvegi til að byrja með, eða að stöð 400. Þaðan stefnir veglínin upp á Langavatnshöfða í stað þess að fara niður í Vesturdal. Til að byrja með fer veglínin yfir uppgræðslusvæði, en við stöð 1000 er hátt moldarbarð og liggur veglínin þaðan á lyngi grónum móum. Talsverð hækkun er í veglínunni og því þarf hún fara í stórum sveigjum upp á Langavatnshöfða, til að veghalli verði ekki of mikill. Veglínin endar við stöð 1440 og þar er gert ráð fyrir stóru bílastæði fyrir gesti þjóðgarðsins.



Mynd 3. Horft til vesturs í grennd við stöð 1000 í veglínu tengingar að Langavatnshöfða. Núverandi vegur niður í Vesturdal efst til vinstri (Ljósmynd: HA, 2009).



Mynd 4. Rofabarð við stöð 1000 (Ljósmynd: HA, 2009).



Mynd 5. Langavatnshöfði, horft frá rofabarði (Ljósmynd: HA, 2009).

Bílastæðið verður vestan í Langavatnshöfða og bílar sem verður lagt þar munu ekki sjást frá Vesturdal, Hljóðaklettum eða Rauðhólum.

Miðað er við að lagður verði um 250 m langur göngustígur, helst malbikaður, frá bílastæðinu að fyrirhuguðum útsýnisstað á Langavatnshöfða.



Mynd 6. Hljóðaklettar, útsýni frá fyrirhuguðum útsýnisstað á Langavatnshöfða (Ljósmynd: HA, 2009).

Nýja vegtengingin mun hafa í för með sér meira rask á landi en sú tenging sem sýnd var á þessum kafla við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því hún liggur utan núverandi vegar á kafla. Hún mun hinsvegar ekki verða eins brött og núverandi vegur sem liggur niður í Vesturdal og mögulegt verður að halda veginum opnum að vetrarlagi, sem ekki er mögulegt fyrir veginn niður í Vesturdal.

Einnig verður hún í betra samræmi við framtíðarhugmyndir þjóðgarðsyfirvalda um nýtingu þjóðgarðsins.

1.9. FRAMKVÆMDALÝSING

1.9.1. Vegagerð

Byggja á 2,6 km langan nýjan veg frá fyrirhuguðum Dettifossvegi að Hólmatungum og 1,4 km langan nýjan veg frá Dettifossvegi að Langavatnshöfða ofan við Hljóðakletta. Miðað er við að byggðir verði góðir og öruggi vegir sem verða felldir eins vel að landi og aðstæður leyfa. Vegirnir verða með klæðingu, í vegflokki C7, þ.e. 7 m breiðir. Vegur að Hólmatungum verður lítið uppbyggður, enda ekki ætlaður fyrir vetrarumferð. Vegtengingarnar verða hannaðar fyrir 11,5 t öxulpunga.

Vegtengingarnar verða byggðar samkvæmt öryggisstöðlum Vegagerðarinnar. Hönnunarhraði verður 40-50 km/klst. Hámarkshraði verður merktur í samræmi við hönnunarhraða í samráði við þjóðgarðsyfirvöld.

1.9.2. Ræsi og brýr

Endanleg ræsa hönnun hefur ekki farið fram en ræsi verða staðsett þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum á vori eða þegar úrkoma er mikil. Hönnunarflóð ræsa og brúa mun miðast við 100 ára flóð.

1.9.3. Efnispörf og efnistaka

Engar nýjar námur þarf að opna vegna breytinga á framkvæmdinni. Áætlað er að efnispörf vegna nýrra vegtenginga sé svipuð og vegna þeirra tenginga sem fyrirhugaðar voru. Hluti af efninu mun koma úr vegskeringum. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru efnispörf og efnistaka vegna vegtenginga ekki sundurliðuð. Við nánari hönnun framkvæmdarinnar verður efnispörf hennar metin betur og gerð áætlun um efnistöku.

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni gerði rannsóknir á efnistöku möguleikum á svæðinu vegna framkvæmda á Dettifossvegi. Vegagerðin hefur haft samráð við þjóðgarðsyfirvöld varðandi efnistöku á svæðinu. Þær námur sem kynntar voru við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur og síðar þegar matskylda á breytingum á veglínu og efnistöku var kynnt (Vegagerðin, 2008) verða nýttar.

1.9.4. Frágangur

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður við vegagerð. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að skeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Farið verður eftir leiðbeiningum Náttúrustofu Vestfjarða um frágang eftir vegagerð Dettifossvegur (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2008). Vegsvæði á grónum svæðum verða grædd upp. Lífrænum jarðvegi, svarðlagi, sem er ofan á skeringum verður ýtt til hliðar áður en efnistaka úr skeringum hefst. Svarðlagið verður annaðhvort nýtt strax við frágang á öðru svæði eða geymt til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagð landinu meðfram því og svarðlagi jafnað yfir þar sem það er til staðar. Með því ætti árangur af uppgræðslu að verða öruggari. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist uppistöður í skeringum.

Haft verður samráð við þjóðgarðsyfirvöld um allan frágang og hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegráa.

1.9.5. Mannaflapörf og vinnubúðir

Þær breytingar sem hér eru kynntar munu ekki hafa áhrif á staðsetningu vinnubúða eða mannaflapörf vegna framkvæmdarinnar.

1.10. FRAMKVÆMDATÍMI, FJÁRVEITINGAR OG REKSTUR

Eins og áður hefur komið fram, þá er óvíst um fjárveitingar til verksins og þar með um framkvæmdatíma. Að loknum framkvæmdum þarf þó að viðhalda og þjónusta veginn.

Rekstur vegarins felst m.a. í viðhaldi og snjómokstri. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar og annarra vega á svæðinu.

Með þeirri breytingu sem hér er kynnt á vegtengingu að Hljóðaklettum/Vesturdal, verður mögulegt að halda veginum að Langavatnshöfða, ofan við Hljóðakletta, opnum að vetrarlagi. Búast má við að vegur að Hólmatungum verði ekki ruddur að vetrarlagi.

Viðhald og rekstur á Dettifossvegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h. Samgönguráðuneytið (samgönguráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.



Mynd 7. Hólmatungur, útsýni að Réttarfossi frá Ytra-Þórunnarfjalli (Ljósmynd: HA, 2009).

2. FRAMKVÆMDASVÆÐI, SKIPULAG OG LAGALEG UMGJÖRÐ

2.1. STAÐHÆTTIR FYRIRHUGAÐS FRAMKVÆMDASVÆÐIS

Fyrirhugaðir vegakaflar eru í Vatnajökulspjóðgarði í sveitarfélaginu Norðurþingi í Norðurþingeyjarsýslu. Ný framkvæmdasvæði eru í grennd við þau svæði sem áður var fyrirhugað að raska vegna framkvæmda við tengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal.

Hólmatungur eru nokkuð vinsæll áningarstaður ferðamanna í þjóðgarðinum. Núverandi tenging að bílastæði við Hólmatungur er 1,1 km löng. Vegurinn er niðurgrafinn, einbreiður moldarvegur sem liggur um lyngi vaxið mólendi. Ofan og sunnan við Hólmatungur er Ytra-Þórunnarfjall. Þaðan er fallett útsýni yfir Jökulsárgljúfur með Hólmatungur vestan Jökulsár og Forvöð austan ár.

Hljóðaklettar eru helsta aðráttarafl ferðamanna í þjóðgarðinum að frátöldum Dettifossi. Íslendingar þekkja Ásbyrgi betur en Hljóðakletta en fleiri erlendir ferðamenn kannast við Hljóðakletta en Ásbyrgi. Vegurinn að bílastæðinu við Hljóðakletta liggur um Vesturdal en þar er vinsælt tjaldsvæði. Um Vesturdal bugðast Vesturdalsá, sem fer lítið fyrir að sumarlagi en á vorin breiðir áin úr sér og flytur með sér mikið af grjóti og sandi sem þarf að hreinsa áður en svæðið er opnað. Einnig þarf oft að laga ræsið í Vesturdalsá. Ofan við Vesturdal og Hljóðakletta er allhár höfði, Langavatnshöfði og þaðan er fallett útsýni yfir Jökulsárgljúfur og dásemdir þess, m.a. Hljóðakletta, Rauðhóla og Vesturdal.

2.2. SAMRÆMI FRAMKVÆMDAR VIÐ SKIPULAG Á SVÆÐINU


Fyrirliggjandi er aðalskipulag fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði í Norðurþingi, Aðalskipulag Kelduneshrepps, 1995-2007. Að loknu mati á umhverfisáhrifum Dettifossvegar var Aðalskipulaginu breytt í samræmi við áform um nýjan Dettifossveg. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Norðurþings hófst vinna við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins í apríl 2008. Í aðalskipulaginu er sett fram framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið í heild. Drög að nýju aðalskipulagi voru kynnt á heimasíðu Norðurþings í september 2009. Tillaga að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029 var send til umsagnar hjá lögboðnum umsagnaraðilum í desember 2009 (www.nordurthing.is).

Í skýrslu um meginforsendur og framtíðarsýn skipulagsins segir í kafla um Vatnajökulspjóðgarð og ferðþjónustu: „Fjölbreyttur og stór hópur ferðamanna sækir þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum heim á hverju ári. Með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs skapast ný tækifæri í að markaðssetja svæðið í nýju og stærra samhengi. Til þess að tækifærin nýtist sem best þarf markaðssetning og kynning á þjóðgarðinum á ná til héraðsins alls þannig að ferðamenn staldri lengur við og dreifist meira um svæðið. Huga þarf að aðkomu í þjóðgarðinn og þjónustusvæði í grennd hans, t.d. þar sem hægt væri að koma fyrir hótélbyggingu. Einnig þarf að huga að áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á jaðri þjóðgarðsins á hagsmuni hans.

Með bættum samgöngum, s.s. Dettifossvegi, Hólaheiðarvegi og Vaðlaheiðargöngum, má einnig reikna með frekari fjölgun ferðamanna og þar með fleiri tækifærum í ferðþjónustu. Aukinn ferðamannastraumur veitir möguleika í atvinnuuppbyggingu fyrir heimamenn sem geta t.d. falist í gistingu, matvælavinnslu, veitingasölu, leiðsögn, handverki og aðgangi að veiðilendum, berjalandi og grasalandi. Ferðamannatíminn er þó stuttur og leita þarf leiða til að lengja hann. Þar geta ýmsir viðburðir eða hátíðir komið til og fjölgun afþreyingarmöguleika, t.d. fyrir golfmenn og hestamenn“.

Á uppdrætti sem sendur var til umsagnaraðila um aðalskipulagið í desember 2009, er Dettifossvegur sýndur og ennfremur ný vegtenging að Hólmatungum og nýr vegur að Langavatnshöfða. Þær tillögur sem hér eru kynntar eru því í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029 (mynd 8). Unnið er að verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð í samræmi við lög nr. 69/2007. Þar skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum.

Verndaráætlunin er í vinnslu en allar framkvæmdir Vegagerðarinnar innan þjóðgarðsins verða unnar í samráði við þjóðgarðsyrivöld.



Mynd 8. Hluti af tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029 (Norðurþing og Alta, 2009).

2.3. LÖG OG VERNDUN

Við framkvæmdir verður farið að lögum og reglum sem eru í gildi. Fyrirhuguð framkvæmd á Norðausturvegi og efnistaka henni samfara getur verið háð eftirfarandi leyfum:

- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð, efnislosun og efnistöku til Norðurbings, skv. Skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.
- Öll efnistaka lausra jarðlaga er háð lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, gr. 45-49. Einnig gilda um efnistöku á landi lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð.
- Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965, 17. gr. þarf sá sem veldur landspjöllum, með mannvirkjagerð eða á annan hátt, að bæta þau. Í 18. gr. kemur m.a. fram að Landgræðslan eigi að segja fyrir um hvernig þau skuli bæta.
- Afla þarf heimilda til framkvæmda innan Vatnajökulspjóðgarðs hjá þjóðgarðsyfirvöldum. Í lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 segir:

„14. gr. *Bann við spjöllum og raski.*

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan Vatnajökulspjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

15. gr. *Umferð í þjóðgarðinum.*

Setja skal í reglugerð ákvæði um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulspjóðgarði.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulspjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á leyfðum vetraraksturssvæðum, sbr. 3. mgr., svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin. Í reglugerð er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum á Vatnajökli allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Enn fremur skal skilgreina þau svæði þar sem heimilt er að aka að vetri á snjó eða frosinni jörð og hvaða skilyrðum slíkur akstur er bundinn. Heimilt er að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun, svo sem vegna veiða, smölunar búfjár eða annarra landbúnaðarstarfa eða vegna rannsókna, ef það er talið nauðsynlegt vegna verndunar viðkomandi landsvæðis.

Liggi landsvæði undir skemmdum og talið er nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða getur viðkomandi þjóðgarðsvörður tekið ákvörðun um tímabundna lokun afmarkaðs svæðis fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Ákvörðun þjóðgarðsvarðar um tímabundna lokun svæðis skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og með öðrum áberandi hætti í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins.

Ákvæði þessara laga um akstur utan vega í Vatnajökulspjóðgarði ganga framur ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.“

Auk þess er Ísland aðili að ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem þarf að uppfylla t.d. samningi um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 og Bernarsamningi sem fjallar um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

3 UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

Vegagerðin og þjóðgarðsyfirvöld á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs telja að þar sem um mjög litla breytingu er að ræða frá áður samþykktri framkvæmd Dettifossvegur þurfi ekki að ráðast í rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum.

3.1. ALMENN ÁHRIF FRAMKVÆMDAÞÁTTA Á UMHVERFI

Áhrif framkvæmdarinnar verða bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma.

3.1.1. Vegagerð og ræsagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu, legu, hönnun vega, hönnun ræsa, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir veg, t.d. þar sem vegur fer yfir gróin svæði, jarðmyndanir eða mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á fuglalíf. Nýr vegur hefur sjónræn áhrif og markar ný spor í landslag, skiptir því upp og myndar skil í landslagið. Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýir vegir eru lagðir til að auka umferðaröryggi og bæta samgöngur. Á rekstartíma geta breyttar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á ferðaþjónustu og útivist. Breyttar samgöngur munu hafa áhrif á umferðarhávaða og útblástur mengandi efna frá umferð.

3.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð efnispörf framkvæmdarinnar, staðsetningu náma og frágangi þeirra að efnistöku lokinni. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi. Litlar breytingar verða á fyrirhugaðri efnistöku sem kynnt var í matsskýrslu.

3.2. ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDARINNAR

Áhrif framkvæmdarinnar munu ná út fyrir framkvæmdasvæðið sjálf. Áhrifasvæðinu má skipta í tvennt; annars vegar svæði sem fer undir vegi og efnistöku, hins vegar svæði þar sem áhrifa bættra samganga gætit. Vegagerðin telur að þar sem um mjög litla breytingu er að ræða frá áður samþykktri framkvæmd Dettifossvegur, verði áhrifasvæði framkvæmdarinnar mjög sambærilegt og fyrir þá framkvæmd.

3.3. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM AF FYRIRHUGAÐRI FRAMKVÆMD

Í eftirfarandi kafla er fjallað um þá umhverfisþætti sem geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd og þau gögn, rannsóknir og aðferðir sem stuðst hefur verið við og eða notaðar til að leggja mat á áhrif á einstaka umhverfisþætti.

3.3.1. Samfélag og landnotkun

Fjallað er um samfélagsleg áhrif af Dettifossvegi í matsskýrslu frá júní 2006. Í niðurstöðu hennar segir: „Heilsársvegur að Dettifossi mun hafa verulega jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu, lengja ferðamannatímamann og fjölga atvinnutækifærum. Styrking ferðaþjónustunnar og betri samgöngur styrkja byggð á svæðinu og hafa í för með sér verulega jákvæð áhrif á samfélagið í Óxarfirði og Mývatnssveit vegna aukinna lífsgæða íbúa svæðisins. Framkvæmdir í þjóðgarði og fjölsóttum ferðamannastað geta haft tímabundin neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist á framkvæmdatíma. Bygging vegarins hefur þó tímabundin jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu. Aðgengi að þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum mun gjörbreytast og þar af leiðandi allar aðstæður fyrir gesti á svæðinu. Þjóðgarðurinn mun hafa meiri möguleika á að uppfylla þau markmið sem honum eru sett varðandi aðgengi almennings að

náttúruperlunum við Jökulsárgljúfur. Fyrir liggja áætlanir stjórnvalda um ferðamál, samgöngumál og byggðamál. Framkvæmdin uppfyllir viðkomandi áætlanir og mun hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið, óháð leiðarvali. Um er að ræða bæði tímabundin áhrif á framkvæmdatíma og varanleg áhrif að framkvæmdum loknum.

Niðurstaða Vegagerðarinnar er að framkvæmdin muni hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið, óháð leiðarvali. Hún uppfyllir stefnumörkun stjórnvalda sem kemur fram í Samgönguáætlun 2005-2008, Ferðamálaáætlun 2006-2014 og Byggðaáætlun 2002-2005.“

Vegagerðin telur að fyrirhugaðar breytingar á vegtengingum að Hólmatungum og Hljóðaklettum / Vesturdal muni ekki hafa áhrif á þessa niðurstöðu. Aðgengi að Hljóðaklettum að vetrarlagi mun batna og því verða jákvæð áhrif framkvæmdarinnar jafnvel meiri en fram kemur hvað varðar ferðapjónustu. Vegagerðin telur ofangreinda umfjöllun um samfélag fullnægjandi og að ekki þurfi að fjalla nánar um samfélagsleg áhrif.

Nýjar vegtengingar að Hólmatungum og Langavatnshöfða með tilheyrandi bílastæðum munu hafa áhrif á skipulag og landnotkun á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs en þær eru kynntar í samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Landið sem verður nýtt undir vegi og bílastæði öðlast nýjan tilgang, því mögulegt verður að leggja bílum í grennd við fallega útsýnisstaði í þjóðgarðinum og ganga á góðum stígum að þeim. Ekki er talin þörf á að gera rannsóknir á landnotkun á svæðinu.

3.3.2. Samgöngur og umferðaröryggi

Í matsskýrslu fyrir Dettifossveg er fjallað um samgöngur og umferðaröryggi. Nýjar vegtengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal eru öruggari en þær vegtengingar sem kynntar voru í matsskýrslu. Halli á nýjum vegi upp á Langavatnshöfða er miklu minni en á vegi niður í Vesturdal og beygjur á tengingu að Hólmatungum ekki eins krappar og á þeirri tengingu sem fyrirhuguð var. Einnig eru vegamót Dettifossvegur og vegur að Hólmatungum á öruggari stað. Með vegi upp á Langavatnshöfða verða mögulegar samgöngur að Hljóðaklettum að vetrarlagi. Vegagerðin telur að ekki þurfi að fjalla nánar um samgöngur og umferðaröryggi.

3.3.3. Hávaði og mengun

Í matsskýrslu er fjallað um hávaða og mengun. Umferð um nýjar vegtengingar mun hafa í för með sér sambærilegan hávaða og loftmengun og þar er kynnt. Þar sem brekkan niður í Vesturdal er mun brattari en brekkan upp á Langavatnshöfða er vonast til að þessar breytingar á aðkomu að Hljóðaklettum geti dregið úr hávaða og mengun í Vesturdal.

Mikilvægt er að ekki verði hætt við að leggja bundið slitlag á veginn í Vesturdal, þótt ný aðkoma verði að svæðinu, því draga verður úr ryki vegna umferðar sem verður áfram um dalinn.

Vegagerðin telur að ekki þurfi að fjalla nánar um loftmengun, rykmengun eða hljóðstig vegna þessarar vegaf framkvæmdar.

3.3.4. Menningarminjar

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur gerði Fornleifastofnun Íslands athugun á fornminjum og náði hún til skráningar fornminja og menningarminja innan framkvæmdabeltis fyrirhugaðs Dettifossvegur og tengdra framkvæmda, s.s. tengivega og efnistökusvæða. Athugun og skráning fornminja fór fram á árunum 2004-2005. Við undirbúning rannsóknarinnar voru teikningar og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu. Einnig voru fornminjar kannaðar á vettvangi.

Nýjar vegtengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal liggja að hluta til utan rannsóknarsvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum Dettifossvegur.

Starfsmenn Vegagerðarinnar ásamt þjóðgarðsverði hafa gengið eftir nýju veglínunum og ekki tekið eftir neinu sem minnir á fornleifar á svæðunum sem verður raskað.

Vegagerðin hafði samband við Minjavörð Norðurlands eystra í febrúar 2009 til að kanna hvort ástæða er til að fornleifafræðingur gangi veglínurnar. Minjavörðurinn telur að þar sem um stuttar vegtengingar sé að ræða sé nóg að hann gangi svæðið. Miðað er við að það verði gert sumarið 2010.

3.3.5. Gróðurfar

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur gerði Náttúrufræðistofnun Íslands rannsóknir á gróðurfari. Útbúin voru gróðurkort og aflað upplýsinga um sjaldgæfar tegundir á svæðinu. Útbúinn var listi yfir þær tegundir sem fundust og greint frá tegundum á valista.

Í matsskýrslu kemur fram að könnun á tegundafjölbreytni háplantna á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegur bendi ekki til að tegundir á valista verði fyrir áhrifum. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna lýsingu og tegundaskráningu gróðurfars á rannsóknarsvæðinu.

Nýjar vegtengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal liggja að hluta til utan rannsóknarsvæðis vegna gróðurfars en gróðurkort Náttúrufræðistofnunar nær yfir allt svæðið. Gróðurfar á því svæði sem verður raskað vegna nýrra vegtenginga virðist ekki frábrugðið gróðurfari sem raskast vegna annarra vegaframkvæmda á svæðinu Tenging að Hólmatungum mun raska mólendi þar sem fjalldrapa- og víðimói (C3) er algengastur. Tenging að Hljóðaklettum/Vesturdal mun raska melum og mólendi. Í nágrenni við Dettifossveg liggur veglínin um fjalldrapa- og víðimóa (C3) en á Langavatnshöfða liggur hún um þursaskeggsmóa með smárunnum (E2).

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um gróðurfar séu nægjanlegar.

Varðandi uppgræðslu er fyrirhugað að nýta núverandi gróðurhulu úr skeringum til að nota við frágang. Við útfærslu á uppgræðslu verður stuðst við leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli og haft samráð við þjóðgarðsyfirvöld og Landgræðslu ríkisins um fyrirkomulag landbóta, m.a. staðarval og uppgræðsluáferðir. Frágangur og uppgræðsla á þessum vegtengingum verður í samræmi við aðra hluta Dettifossvegur.

3.3.6. Dýralíf

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur var Náttúrustofa Norðausturlands fengin til að gera rannsóknir á fuglalífi. Rannsóknir fóru fram sumarið 2004. Í skýrslu Náttúrustofunnar kemur fram að á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegur er hvorki mjög fjölbreytilegt né ríkulegt á heildina litið. Á grónum svæðum er þéttleiki varpugla þó mikill og sambærilegur því sem gerist á mörgum láglendissvæðum.

Fram kemur að engin fuglategund á valista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Á heildina litið ættu áhrif af uppbyggingu Dettifossvegur hvorki að hafa mikil áhrif á fuglalíf svæðisbundið né á landsvísu.

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um fuglalíf á svæðinu séu nægjanlegar.

3.3.7. Jarðfræði

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur var jarðfræðideild Vegagerðarinnar fengin til að gera rannsóknir á jarðfræði, kortleggja hraun og útbúa jarðfræðikort af framkvæmdasvæðinu. Á því svæði sem raskað verður vegna nýrra vegtenginga að Hólmatungum eru ekki merkar jarðmyndanir. Um er að ræða svæði með misþykkum jökulruðningi ofan á grágrýti.

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um jarðfræði á svæðinu séu nægjanlegar.

3.3.8. Landslag, ásýnd lands

Vegagerðin mat áhrif framkvæmda á Dettifossvegi á landslag. Í matsskýrslu er ekki fjallað sérstaklega um vegtengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal. Við staðsetningu á þeim vegtengingum sem hér eru kynntar var lögð áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum veganna og bílastæðanna. Í samráði við þjóðgarðsyfirvöld eru vegtengingar og bílastæði staðsett þannig að þau sjáist ekki frá mikilvægum ferðamannastöðum í þjóðgarðinum.

Vegagerðin telur að ekki þurfi að rannsaka landslagið á svæðinu frekar.

3.4. MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Þegar skeringar og námur verða opnaðar verður efsta laginu (svarðlaginu) ýtt til hliðar til að nota sem efsta lag við frágang og uppgræðslu. Þannig fæst betri árangur af uppgræðslunni og gróðurinn á uppgræðslusvæðinum verður í samræmi við þann gróður sem er á aðliggjandi svæðum.

3.5. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA HAFT ÁHRIF Á FYRIRHUGAÐA FRAMKVÆMD

Í eftirfarandi kafla er fjallað um þá umhverfisþætti sem geta haft áhrif á fyrirhugaða framkvæmd, bæði á framkvæmdatíma og þó einkum á rekstartíma.

3.5.1. Veðurfar og náttúruvá

Við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegur aflaði Vegagerðin upplýsinga um veðurfar hjá heimamönnum og starfsmönnum Vegagerðarinnar.

Ein mesta hættu á snjósöfnun á framkvæmdasvæði Dettifossvegur er við Svínadalsháls. Ný vegtenging að Hólmatungum liggur til austurs frá rótum Svínadalsháls. Þótt hún verði meira uppbyggð en núverandi vegur (sem er niðurgrafinn) má búast við að henni verði ekki haldið opinni að vetrarlagi.

Það er ekki talið vera snjóþungt á framkvæmdasvæði Dettifossvegur norðan við Vesturdal, nema í Meiðavallaskógi. Stefnt er að því að halda nýrri vegtengingu að Hljóðaklettum/Vesturdal á Langavatnshöfða opinni að vetrarlagi. Vegurinn niður í Vesturdal er mjög brattur og lokast í fyrstu hálfu. Því opnar nýja vegtengingin fyrir möguleika á vetrarferðamennsku.

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um veðurfar á svæðinu séu nægjanlegar.

3.5.2. Náttúruvá

Náttúruvá er skilgreind sem sjaldgæfur atburður þegar orka náttúruaflanna, snögg og óvænt, leiðir til eyðileggingar og jafnvel manntjóns. Á svæðinu getur stafað hættu af náttúruvá og ber þar helst að nefna jarðskjálfta og flóð undan jöklum. Fyrirhugaðar breytingar á vegtenginum að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal eru utan flóðasvæða Jökulsár.

Vegagerðin telur að þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um náttúruvá á svæðinu séu nægjanlegar.

3.6. KORT OG UPPDRÆTTIR

Meðfylgjandi eru teikningar þar sem sýndar eru veglínur með fyllingum og skeringum og þar af leiðandi framkvæmdasvæði.

3.7. SAMRÁÐ

Ósk um að leggja fram nýjar vegtengingar að Hólmatungum og Hljóðaklettum/Vesturdal kom frá þjóðgarðsverði í Jökulsárgljúfrum. Vegagerðin hafði samráð við þjóðgarðsvörðinn um staðsetningu veglínanna í landinu. Norðurþing hefur staðsett þessar nýju vegtengingar á tillögu að Aðalskipulagi 2009-2029 sem er í vinnslu. Í tillögu að Verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem svæðisráð Norðursvæðis hefur nú afgreitt frá sér til stjórnar, er gert ráð fyrir Dettifossvegi og þeim vegtengingum sem hér er lýst.

4 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Afstöðumynd
- Teikning 2. Yfirlitsmynd. Mkv. 1:70.000
- Teikning 3. Grunnmynd, 2 teikningar, 1 af 2 og 2 af 2. Mkv. 1:20.000.
- Teikning 4. Grunnmynd af tengingu að Hólmatungum. Mkv. 1:6.000.
- Teikning 5. Grunnmynd af tengingu að Langavatnshöfða. Mkv. 1:5.000.
- Teikning 6. Gróðurkort af tengingu að Hólmatungum. Mkv. 1:6.000.
- Teikning 7. Gróðurkort af tengingu að Langavatnshöfða. Mkv. 1:5.000.

5 HEIMILDIR

- 1. Hafdís Sturlaugsdóttir, 2008: Leiðbeiningar um frágang eftir vegagerð vegna framkvæmda á Dettifossvegi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, maí 2008, 6 bls.
- 2. Norðurþing og Alta, 2009: Tillaga að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029, desember 2009.
- 3. Norðurþing, 2010: Heimasíða, janúar 2009, upplýsingar um aðalskipulag
- 4. Vegagerðin, 2006: Dettifossvegur, Hringvegur – Norðausturvegur, mat á umhverfisáhrifum, matskýrsla. Veghönnunardeild Vegagerðarinnar, Akureyri, júní 2006.
- 5. Vegagerðin, 2008: Dettifossvegur, Dettifoss – Norðausturvegur, breytingar á veglínu og efnistöku, Veghönnunardeild Vegagerðarinnar, apríl 2008.



Mynd 9. Hljóðaklettur og Jökulsárgljúfur, útsýni til suðurs frá Langavatnshöfða (Ljósmynd: HA, 2009).